Őreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

11. tölublað | Þriðjudagur 13. mars 1979 | 8. árgangur | verð kr. 100. -

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Alþýðubandalagið í þykjustuleik



Alþýðubandalagið í Kópavogi hefur sundrast enda einkennir óeining og flokkadrættir flokkinn.

Nú er um það bil að hefjast nýr kafli í harmsögu ríkisstjórnarinnar. Ljóst er að allt brambolt stjórnarflokkanna er aðeins sýndarleikur. Enginn þeirra getur hugsað sér það að fara út í kosningar á næstunni.

Alþýðubandalaginu er afar annt um álit sitt innan verkalýðshreyfingarinnar og þykist þess vegna berjast gegn kjaraskerðingum hinna flokkanna í ríkisstjórninni.

Ólafur Ragnar Grímsson, sem nú virðist vera orðinn helsti ráðamaður AB, lýsir því yfir í Vísi á mánudaginn að "þeir(þ. e. alþýðubandalagsmenn) hafi náð öllum kjaraskerðingaratriðum út".

En hvað felur þá samkomulagið í sér?

Samkvæmt nýjustu fréttum hefur meðal annars verið ákveðið að taka upp viðskiptakjaravísitölu þannig að 30% breyting á viðskiptarkjörum hafi áhrif til hækkunnar eða lækkunnar launa.

Þessi vísitöluútreikningur þýðir að sjálfsögðu að laun hækka alls ekki í samræmi við hækkun framfærslukostnaðar. Fyrir utan það að þetta er kjaraskerðing þá er þetta brot á samningum þar eð umsamdar vísitölubætur eru afnumdar.

Í samkomulaginu er einnig gert ráð fyrir að áhrif af

framhald á síðu 2

Bensín keypt á 45 kr. lítirinn, en selt á 205 kr.

Eitt af þvi sem tíðast hefur hækkað hér á landi undanfarin ár er benzínið.

Síðast hækkaði benzínið í 205 kr, úr 181, -. Það sem er athyglisvert við þessa hækkun er að meirihluti hennar stafar af sköttum ríkisins og álagningu olíufélaganna sem fá prósentur af bensínhækkuninni.

Ekki er einfalt að fá nákvæmar upplýsingar um það hvernig benzínverðið er tilkomið, frekar en annað eldsneytisverð. Það sem stuðst er við við hér á eftir er grein sem Tómas H Sveinsson, formaður FIB skrifar í Ökuþór blað FIB 1. tbl. 1979.

Þar kemur fram að aðeins 20-25% af útsöluverði þarf að greiða til USSR eða 41-51,25 kr. þar á ofan leggst 50% innfluttningstollur eða 20,5-25,63, kr. Þar á ofan leggst vegagjald ca. 50. kr. og síðan mun koma runa alls konar gjalda svo sem landsútsvar, uppskipunarkostnaður, rýrnun vegna uppskipunar (Lekagjald), verðjöfnunargjald vegna innanlands markaðar, annað verðjöfnunargjald vegna erlendra hækkana, álagning olíufélaganna og síðast en ekki síst söluskattur, sem leggst ofan á allt það sem á undan er talið.

Því miður er ekki hægt að uppýsa hvað hver einstakur liður vegur þungt í benzínverðinu enda af stjórnvöldum talið óhollt eyrum almennings. Nokkra liði er þó hægt að reikna út og í viðbót við það sem greint er frá hér að framan er það söluskatturinn sem er 20% eða 16,667% af útsöluverði eða kr. 34,17.

Hér er því um einstakar álögur að ræða á hluti sem eru jafn algengir í notkun og bílar. Sem dæmi um hve almenn notkun er á bensíni skal tekið að 1978 töldust vera u. þ.b. 70.149 bílar með bensínhreyfli í notkun, eða einn bíll á hverja tvo landsmenn 20 ára og eldri. Könnun sem gerð var á vegum FÍB leiddi í ljós að meðal bensínnotkun lítilla bifreiða væri 1720lítrar á ári og stórra bifreiða 2410 lítrar á ári. Þetta er á núverandi verði kr. 352.600. - til kr. 494.050. -

Sést vel á þessu hvílík ógnargjöld eru lögð á hvern bifreiðareiganda og því til viðbótar þarf hann að greiða tryggingu yfir kr. 100.000. - á ári ásamt ýmsu fleiru.

Eins og fram kemur hér að framan eru bílar enginn lúxus í dag, heldur almenningseign, enda er almenningsvagnakerfi ekki þannig úr garði gert að það geti komið í stað einkabílsins.

Þetta notfærir ríkisvaldið sér með því að velta óeðlilegum hluta hækkunarinnar yfir á bensínið en greiða niður eldsneyti til atvinnureksturs.


Það er því athyglisvert að taka dæmi um annað eldsneyti, til dæmis flugvélabensín og gasolíu. Tollur á flugvélabenzíni er til dæmis 0%, en á olíu 35 aurar á hver hundrað kíló. En tollur á benzín er 50% af innkaupsverði eins og fyrr greinir.

Hér ráða greinilega önnur sjónarmið en luxus eður ei, eða hverjir nota flugvélabenzín? Svari hver fyrir sig.

Þar sem ríkisvaldið reynir nú að kenna verðhækkun erlendis um benzínhækkun undanfarin ár, væri ekki úr vegi að koma með samanburðartöflu um hve lengi iðnverkamaður er að vinna fyrir hverjum lítra af benzíni. Taflan er frá FIB og var gerð í nóvember 1978.

Bretland	5 mínútur
Danmörk	4-------
Noregur	4-------
Svíðjóð	3--------
V-Þýskal.	5-------
Ísland	11------.

Sýnir þessi tafla glögglega hvað haldgóð rök ríkisvaldsins eru fyrir hækkun á benzíni.



Almenningur kaupir eldsneyti dýru verði, á meðan það er niðurgreitt til kapítalistanna.



ÁLVERIÐ. Sjá baksíðu.

Baráttueining boðar til fundar

Sjá síðu 2.



Frá mótmælafundi borgarstarfsmanna á Lækjartorgi, 1977.

Þrjú prósentin til opinberra starfsmanna

Þann 1. apríl nk. eiga allir opinberir starfsmenn að fá 3% kauphækkun. En eins og margoft hefur komið fram er það á áætlun ríkisstjórnarinnar að þessi hækkun verði ekki greidd. Í stað þessara 3 prósenta eiga opinberir starfsmenn að fá rýmkaðan samningsrétt.

Formaður BSRB sagði í blaðaviðtali nýlega að ekkert hefði verið gert í þessum málum frá því um miðjan janúar. Þá höfðu staðið yfir samningaviðræður við ríkisstjórnina um það hvað ætti að koma í staðinn fyrir afnám áfangahækkunarinnar.

Báðir aðilar, þ.e. stjórn BSRB og ríkisstjórnin, samþykktu þá að fella niður þessa

framhald á síðu 3

LEIÐARI

Árás og gagnárás

Gráðugasta og hættulegasta heimsvaldaríki samtímans, Sovétríkin, þenur stöðugt út yfirráðasvæði sitt í heiminum. Með ofbeldi og undirferli leggja sovésku heimsvaldasinnarnir undir sig hvert landið á fætur öðru. Þau ríki sem rússar ná tangarhaldi á, neyða þeir til að þjóna undir drottnunargirni og valdafíkn sína. Víetnam og Kúba eru glögg dæmi um leppríki Rússlands enda einkennist utanríkisstefna þeirra af þjónkun við herrana í Kreml. Undir flaggi sósíalisma þykjast stjórnir þessara landa sigla en þær eru í raun svörnustu fjandmenn sósíalískrar hreyfingar í heiminum. Sovétríkin lögðu undir sig Tékkóslóvakíu með valdi 21.ágúst 1968 og um 40.000 kúbanskir hermenn berjast í þágu Sovétríkjanna í Afríku. Nálega hvar sem ófriður ríkir og byltingarástand eru sovéskir hermenn, hernaðarsérfræðingar, KGB njósnarar eða leppar þeirra á kafi upp fyrir haus, í hagsmunaskyni fyrir risaveldið. Stríðshættan stafar fyrst og fremst frá Sovétríkjunum. Því er óaflátanleg barátta gegn útþenslu þeirra frumskilyrði, ef koma á í veg fyrir heimsstyrjöld sem án efa yrði sú mannskæðasta hingað til.

Sovétríkin eiga sér talsmenn hér á landi. Sumir eru þeir meðvitaðir erindrekar sósíalheimsvaldastefnunnar, aðrir vinna henni gagn ómeðvitað. Ekki hefur borið mikið á þeim meðvituðu þar til nú fyrir skömmu. Þeir hafa hingað til kosið að halda uppi því sem þeir kalla gagnrýnin stuðning við "sósíalíska" Sovétríkið, sem þeir nefna svo. Þessir trotskýistar og alþýðubandalagsmenn hafa beðið átekta færis á að hefja opinskátt baráttu fyrir sovésku heimsvaldastefnuna og gegn marxismanum-lenínismanum. Tækifærið töldu þeir sig hafa fengið er Kína gerði gagnárásina á Víetnam. Þá skriðu þessar moldvörpur upp á yfirborðið og sýndu sitt rétta andlit. Eftir að hafa þagað þunnu hljóði og jafnvel hlakkað yfir útþenslustefnu víetnama og valdatöku þeirra í Kampútseu, fordæmdu moldvörpurnar nú Kína og lýstu yfir stuðningi við árásarríkið Víetnam. Moldvörpurnar afhjúpuðu sig algerlega. Grundvallarlegur eðlismunur er nefnilega á annars vegar innrás Víetnam í Kampútseu og hins vegar gagnárás Kína í Víetnam. Tilgangur innrásar víetnama í Kampútseu var að sölsa undir sósíalheimsvaldasinnana öll völd í landinu og fella réttmæta ríkisstjórn Kommúnistaflokks Kampútseu. Innrásin var heimsvaldasinnaðs eðlis og leiddi af sér valdatöku, þó langt sé frá því að liðssveitir Pol Pots hafi verið yfirbugaðar enda njóta þær stuðnings alþýðunnar. Þessa innrás í Kampútseu styðja áðurnefndir talsmenn sovésku heimsvaldastefnunnar á Íslandi.

Gagnárás kínverja var af allt öðrum toga spunnin. Víetnamar höfðu að undirlagi Sovétríkjanna gert rúmlega 700 skæruárásir innfyrir kínversku landamærin og drepið fjölda manns. Kínverjar höfðu hvað eftir annað varað víetnama við en þeir þverskölluðust og héldu uppteknum hætti. Því urðu kínverjar að grípa til þess neyðarúrræðis að hefja gagnsókn. Þeir lýstu því strax yfir að um gagnaðgerð væri að ræða, þeir ásældust ekki víetnamskt landsvæði, stjórn landsins ætti ekki að fella og að kínverjar myndu draga herafla sinn til baka eftir að refsiaðgerðinni væri lokið. Þennan grundvöll gagnárásarinnar hefur kínverska stjórnin staðið við og sovéska heimsvaldastefnan hefur um leið orðið fyrir skakkafalli. Kommúnistaflokkur Íslands styður gagnárásina á þeim grundvelli sem kínverjar gera hana. Hann vill vara gagngert við erindrekum sósíalheimsvaldastefnunnar á Íslandi sem nú hafa risið upp á afturlappirnar til að verja ofstækisfullan yfirgang risaveldisins, Sovétríkjanna. Og ekki síður ber að varast hina ómeðvituðu áróðursmenn sósíalheimsvaldastefnunnar. Eða hverjum hefur hinn gegndarlausi áróður íhaldsins, sérstaklega Morgunblaðsins, gegn ríkisstjórn Pol Pots þjónað öðrum en ráðamönnum í Kreml. Sama er uppi á teningnum varðandi þá sem nú níða niður sósíalíska ríkið Kína. Þeir eru að leggja hönd á plóg Sovétríkjanna, réttlæta og auðvelda þeim innrás í Kína.

Marxíska-lenínfska hreyfingin á Íslandi er einhuga í afstöðunni til ástandsins í Suðaustur Asíu. Mikilvægt er að hún haldi til streitu og styrki þá samstöðu og samvinnu sem náðst hefur í þessu máli. Stríðshættan eykst, andstæðurnar skerpast og mikilvægt er að menn þekki samherja sína.

Baráttueining boðar til fundar



Senn líður að 1.maí, alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsstéttarinnar. Á þeim degi fylkir verkafólk og vinnandi alþýða liði. Þá er lögð áhersla á brýnustu kröfurnar í stéttabaráttunni innanlands og erlendis.

Undanfarin ár hafa verið farnar fleiri en ein kröfuganga í Reykjavík. Að þeim hafa staðið, Baráttueining 1.maí sem Kommúnistaflokkur Íslands hefur haft mestan veg og vanda að, Samfylking 1. maí sem Einingarsamtök kommúnista hafa staðið að, Rauð verkalýðseining afkvæmi Fylkingarinnar og svo stéttasamvinnuforingjar verkalýðsfélaganna sem viðra sig hefðbundið og liðka lúin bein árlega á 1.maí.

Ljóst er að Baráttueining getur engan vegin samfylkt með trotskyistum Fylkingarinnar, sem risið hafa opinberlega upp til stuðnings við sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna og gegn sósíalískri frelsishreyfingu í heiminum.

Baráttueining 1.maí á enga samleið með erindrekum auðvaldsins innan verkalýðshreyfingarinnar. Við þá gildir ekki annað en ósættanleg barátta hér eftir sem hingað til.

Kommúnistaflokkurinn og Eik(ml) stóðu sameiginlega að göngu Baráttueiningar 1. maí 1976. Síðan skildu leiðir. Kommúnistaflokkurinn stóð að göngu Baráttueiningar 1.maí 1977, útifundi og innifundi. Þá héldu Eik(ml) innifund.

Í fyrra samfylktu Baráttueining og Rauð verkalýðseining í stórri göngu og útifundi. Þeir möguleikar sem þá voru fyrir hendi um samfylkingu eru ekki í dag. Eik(ml) og Samfylking 1.maí voru málefnalega sammála baráttugrundvelli þeim sem Baráttueining lagði upp þá en neituðu þátttöku á þeim forsendum að þau gengju ekki með fylkingarfélögum. Samfylking stóð því sér að kröfugöngu, útifundi og innifundi á 1.maí 1978.

Í dag er staðan þannig að allir möguleikar eru á að samstaða náist milli Baráttueiningar 1.maí og Samfylkingar 1.maí. Þessar hreyfingar eru nær alveg sammála í öllum helstu baráttumálum verkalýðsstéttarinnar. Og bæði innanlands-og alþjóðaástandið gefur fullt tilefni til og hreinlega krefst þess að þessi tvö öfl sameinist.

Því boðar Baráttueining til fundar nú, þann 18.mars 1979 í sal nr.2 að Hótel Esju og eru þeir sem áhuga hafa á að mæta þar vinsamlegast beðnir að mæta stundvíslega kl.8.30.

Munið fund Baráttueiningar sunnudaginn 18.mars kl.8.30 að Hótel Esju.

30. mars 1979

Menningardagar herstöðvaandstæðinga hefjast að Kjarvalsstöðum föstudaginn 16. mars og munu standa til 25. mars. Opið verður frá kl 16-22 virka daga og frá 14-22 um helgar. Á laugardag verður vísnasöngur frá kl 14 og koma þar fram Olga Guðrún, Kristján Guðlaugsson, Bergþóra Árnadóttir, Bubbi Mortens, Þorvaldur Árnason, Ingólfur Steinsson, Vísnavinir, Kjarabót, Sóleyjarsöngsveitin og kór Rauðsokkahreyfingarinnar. Á sunnudag verða skáldavökur með maraþonupplestri. Á mánudag verður flutt kalssísk tónlist og kammerverk. Á þriðjudag sýnir Alþýðuleikhúsið kabarett og les úr bréfum Rósu Luxemburg.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ Í ÞYKJUSTULEIK

Framhald af forsíðu.

olíuverðshækkunum skuli algerlega felldar út úr vísitölunni og skipti þar engu hvernig hækkunin m.a. til húsakyndinga verður greidd niður.

Einnig er ráð fyrir því gert að raunvextir verði teknir upp. Undanþegin raunvöxtum verða lán til atvinnurekenda. Þetta hefur það í för með sér að öll lán einstaklinga verða margfalt dýrari með því að vextir hljóta að stórhækka. Þessir hækkuðu vextir eiga síðan að standa undir lágvaxtalánum atvinnurekenda.

Bollaleggingar eru einnig un það í ríkistjórninni að hnekkja kjaradóminum um afnám vísitöluþaksins á laun hjá BHM og BSRB.

Það er þetta sem Ólafur R. Grímsson kallar að koma í veg fyrir kjaraskerðingaratriði.


Ólafur Ragnar Grímsson

En hvernig sem Ólafur Ragnar hefur endaskipti á sannleikanum getur honum aldrei tekist að fela hið rétta andlit Alþýðubandalagsins. Stefna AB eins og hinna stjórnarflokkanna er að auka byrgðarnar á launþegum til að létta á atvinnurekendunum og auka enn gróða þeirra.

Þetta er ríkisstjórn sem launþegar þurfa að berjast gegn.

Krafan sem varð hneyksli

Fyrir síðustu kosningar var kröfunni um samningana í gildi óspart veifað af stjórnarflokkunum núverandi. En eins og öllum er kunnugt hefur ekki verið staðið við þessi loforð þvert á móti hefur verið um enn frekari kjaraskerðingu að ræða.

Nú nýlega gerðist það hins vegar að Kjaradómur felldi dóm sem var launþegum í hag. Í sjálfu sér er það merkilegt atriði en fleira varð athyglisvert í kjölfar þessa dóms.

Dómurinn var á þá lund að vísitöluþakið, sem svipti hóp ríkisstarfsmanna vísitölubótum, ætti að hverfa og greiða ætti fullar vísitölubætur til handa opinberum starfsmönnum. Dómurinn er í fullu samræmi við kröfuna um samningana í gildi.

Nú ber hins vegar svo við að verkalýðsfrömuðir Alþýðubandalagsins bregðast hinir verstu við og úthrópa dóminn sem hneyksli. Guðmundur J. Guðmundsson hefur verið ófeiminn við slíkar yfirlýsingar undanfarið.

Þannig er nú komið fyrir kröfunni um samningana í gildi. Hún er hneyksli, segir verkalýðsforinginn.

Þessi afstaða Jakans er í samræmi við það sem kom fram hjá Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur nýlega að kauphækkanir til opinberra starfsmanna hlytu að þýða kauplækkun einhverra annarra.


Guðmundur J. Guðmundsson

Það er að vísu rétt að hluti opinberra starfsmanna hefur há laun miðað við verkafólk. Þess ber þó að gæta að ekki er um mjög stóran hóp að ræða. Til dæmis er aðeins um að ræða 1000 af 13000 starfsmönnum innan BSRB. Aðalatriði þessa máls er það að kaup sé greitt samkvæmt samningum, að samningarnir séu í gildi.

Þetta brambolt Gvendar Jaka og Aðalheiðar er aðeins til þess gert að kljúfa samstöðu allra launþega og gera opinbera starfsmenn að óvinum verkafólks.

Við hljótum að fordæma þessa iðju og hvetjum til samstöðu allra launþega fyrir því að samningar séu settir í gildi.

Viðtal við Gísla Hjaltason formann félags járniðnaðarnema

Það er löngu kunn saga að iðnnemar hafa verið notaðir svívirðilega af atvinnurekendum sem ódýrt vinnuafl. Traðkað hefur verið á rétti þeirra á allan mögulegan hátt og launum þeirra haldið fyrir neðan allt velsæmi. Ein ástæða þessa og ekki sú ómerkasta er að forysta INSÍ og iðnnemafélög hafa verið byggð upp svipað og önnur verkalýðsfélög þar sem uppkeypta verkalýðsforystan ræður ríkjum. Iðnnemasambandið hefur ekki verið virkt baráttutæki iðnnema. Alþýðubandalagið hefur haft þar forræði og notað það meðal annars sem útungunarstöð og uppeldismiðstöð fyrir verðandi uppkeypta verkalýðsforingja.

Ef á þessu á að verða breyting verður að efla starf hinna ýmsu iðnnemafélaga og starf meðal iðnnema á vinnustöðum.

Stjórn Félags járniðnaðarnema hefur undanfarið starfað mjög á þessum grundvelli og náð talsverðum árangri.

Blaðamaður Stéttabaráttunnar hitti formann félagsins, Gísla Hjaltason, að máli og innti hann frétta.

Gísli var fyrst að því spurður hver stefna félagsins væri og hvernig væri reynt að virkja almenna félagsmenn.

Félag járniðnaðarnema hefur skorið sig úr meðal annarra félaga hvað snertir starf í þágu hinna almennu félagsmanna. Hefur félagið meðal annars reynt að byggja upp virkt trúnaðarmannakerfi, þ.e.a.s. að fá trúnaðarmenn til að taka þátt í starfi og stefnumótun félagsins.

Geturðu nefnt einhver dæmi um árangur af þessu starfi ykkar?

Greinilegt er að þetta hefur borið árangur. Það má nefna tvö mál til dæmis um það. Það fyrra er varðandi járniðnaðarnema í vinnu hjá Vegagerð ríkisins.

Járniðnaðarnemar lögðu þar fram samning. Nemar þar höfðu verið á mjög lágu kaupi og ekki fengið greiddan skóla. Fljótlega barst gagntilboð frá vegagerðinni sem þýddi hvorki meira né minna en 30-40% kauphækkun á ári.

Ákveðið var að láta þar við sitja að sinni enda hefði munur á nema-og sveinakaupi orðið óverulegur ef gengið hefði verið að upphaflegum kröfum nemanna!!!. Það kom sem sagt í ljós að sveinar hjá vegagerðinni eru einnig á mun lægra kaupi en gengur og gerist annars staðar. Nú eiga sveinarnir því næsta leik og ekki er nokkur vafi á því að nemarnir munu standa við hlið þeirra í baráttunni fyrir hærra kaupi.

Við höfum heyrt að félaginu hafi borist mál varðandi bónuskerfi nemanna hjá Áhaldahúsi Reykjavíkurborgar. Hvernig er það mál vaxið?

Trúðarmennirnir lögðu þetta mál fyrir stjórnina. Hjá Áhaldahúsi Reykjavíkurborgar hafa viðgengist svívirðilegir hlutir hvað snertir bónuskerfið sem þar er. Því var þannig fyrir komið að sveinarnir hirtu í raun hluta af bónus nemanna.

Bónusinn er þannig upp byggður að gefnir eru punktar fyrir hvaðeina sem viðkomandi gerir. Til dæmis gefur það að skipta um peru ákveðna punkta Öllum punktunum er síðan safnað í einn sameiginlegan pott sem bæði sveinunum og nemum er borgað úr. En þegar að því kom að skipta úr pottinum kom svínaríið í ljós. Sveinninn fær 100% þannig að ef tveir nemar og tveir sveinar vinna saman skyldi maður ætla að hvorir um sig fengju 2/4 Nei, það er ekki svo einfalt. Ef neminn er á fyrsta ári fær hann 60% af sínum hlut.. Á öðru ári fær hann 70%, á þriðja 80% og á fjórða 90%. Það sem eftir er fer beint í vasa sveinanna. Sveinarnir græða sem sagt á vinnu nemanna. Atvinnurekandinn hefur komið því þannig fyrir að sveininn arðrænir nemann sem aftur klýfur hugsanlega samstöðu þessara hópa. Þetta er sennilega með grimmari og afhjúpandi dæmum um það hvernig bónuskerfi er notað til þess að kljúfa samstöðu launþega.

Þegar gengið var á fund stjórnar fyrirtækisins og spurt hverju þetta sætti, var því meðal annars svarað til að sveinarnir fengju þetta fyrir að kenna nemunum... Það þótti sem sagt ekki nóg að laun nemans eru við hungurmörkin meðan á námi stendur, hann átti nú líka að fara að borga með sér..

Vitanlega er það skýlaus krafa nemanna að þetta verði stöðvað hið bráðasta og var strax farið að vinna að því. En þá vöknuðu sveinarnir upp við vondan draum og spurðu eðlilega hver ætti að bæta þeim tekjumissinn.

Stjórn FJN lagði fram kröfu sem í stuttu máli var þannig að nemi á fyrsta ári fengi 60% af bónusinum, á öðru ári 80% og á þriðja og fjórða ári 100%.

Þetta þykir sjálfsagt sumum lítið vera í áttina, og hafa þeir töluvert til síns máls. En þess ber að gæta að við erum alls ekki á móti því að starfsreynsla sé einhvers metin. Þegar farið var að ræða þessi mál við viðkomandi var því mjög haldið á lofti að nemarnir væru ekki eins fljótir að vinna hlutina og því ættu sveinarnir að fá hærri bónus. Þetta má vel til sanns vegar færa hvað snertir nema á fyrsta og öðru ári en örugglega ekki nema á þriðja og fjórða ári, því þessi vinna er það rutinerуð þ.a.s. yfir höfuð sömu handtökin ár eftir ár.

Í kröfum félagsins var einnig lagt til að fyrirtækið greiddi sveinunum 10% fyrir hvern nema á þriðja ári og fimm % fyrir nema á fjórða ári til að bæta þeim upp tekjumissinn.

Telur þú að ef þetta næst fram að ganga að það sé endanleg lausn?

Alls ekki þetta er einungis fyrsta skrefið, og markmiðið hlýtur að vera að iðnnemar fái allan sinn bónus.

Það er gömul saga að INSÍ forystan hafi verið nk. uppeldismiðstöð fyrir Alþýðubandalagið. Má þar nefna að flestir ef ekki allir forystumenn INSÍ hafa síðar orðið "verkalýðsfrömuðir" innan AB. Er að vera breyting á þessu?

Það er rétt að þetta hlutfall er óvenjuhátt þ.e.a.s. að frá því að vera í ábyrgðarstarfi



Gísli Hjaltason. Formaður Félags járniðnaðarnema.

innan iðnnemahreyfingarinnar liggur beinn og breiður vegur í viðlíka störf innan AB. Ég held að þetta sé alls ekki neitt að breytast, en ítök AB innan iðnnemahreyfingarinnar fara sem betur fer þverrandi því hið afturhaldssama eðli þeirra kemur æ betur í ljós. Í þessu sambandi má nefna að þegar bráðabirgðalögin komu til framkvæmda 1.des. þá vildu þeir ekki fyrir nokkurn mun gagnrýna þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna veru AB í henni. Síðan gerist það að ríkisstjórnin hangir á bláþræði og flokkarnir keppast við að sverja af sér ósómann, þá eru þessir sömu menn tilbúnir til að leggja fram tillögu um gagnrýni á ríkisstjórnina. (sjá 9. tbl. Stéttabaráttunnar 1979.)

Sem sagt það er allt í lagi að svokallaðir verkalýðsflokkar ræni alþýðuna, þá heitir það bara því nafni að verið sé að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar, en ef íhaldið framkvæmir samskonar kreppuráðstafanir þá fer allt í háa loft.

Hlutverk okkar sem teljum okkur standa fyrir baráttustefnu innan iðnnemahreyfingarinnar er að afhjúpa þetta orðagjálfur kratanna, og sýna hinum almenna félagsmanni fram á það að eina leiðin til að ná fram bættum kjörum iðnnema er leið baráttunnar

Hvert er framtíðarstarf félagsins?

Verkfallsrétt fyrir iðnnema!

Það starf sem nú er hvað mest aðkallandi er að auka tengslin á milli stjórnarinnar og hins almenna félagsmanns hinsvegar. Við teljum að forsenda þess að virkja félagsmennina séu góð tengsl þarna á milli. Framtíðarverkefni FJN er vafalaust verkefni þess sem stéttarfélags. Eins og komið hefur fram áður, er það eitt aðal baráttumál iðnnema að öðlast samnings og verkfallsrétt. Þegar okkur hefur auðnast að ná fram þessum sjálfsagða rétti okkar, þá hlýtur verkefni t.d. FJN að vera barátta fyrir réttindum og kjörum iðnnema. Rétt eins og í dag. Þó með þeim mun að við verðum viðurkenndir sem stéttarfélag. Það er rétt að það komi fram að mikilvægasta starfið er það starf sem unnið er meðal hinna almennu félaga. Ef okkur tekst að virkja þá þá er björninn unninn.

Að lokum: Hvernig heldur þú að atvinnuhorfur séu hjá járniðnaðarmönnum?

Þær virðast minnsta kosti vera snöggtum betri en hjá ýmsum öðrum iðnaðarmönnum t.d. málurum, trésmiðum og múrurum.

Ástandið var að vísu orðið mjög slæmt t.d. hjá einni stærstu skipasmíðastöð á landinu Stálvík í Garðabæ, vegna skorts á fjármagni til nýsmíða. En líklega hefur þetta mál þó leystst á þann hátt að Bæjarútgerð Reykjavíkur ákvað að kaupa einn togara frá Stálvík og annan frá Portúgal. Það hefur vafalaust haft mikil áhrif á gang mála að starfsmenn Stálvíkur fjölmenntu á fund hjá borgarstjórn þar sem þetta mál var tekið fyrir. Það er á engan hátt hægt að réttlæta þau vinnubrögð Svavars Gestssonar að kaupa fjóra togara frá Portúgal þegar atvinnuleysi blasir við innanlands.

Ég vona að þeir tímar séu í nánd að iðnnemahreyfingin sem heild nái að rífa sig upp úr þeim öldudal sem hún hefur verið í fyrir tilverknað þeirra afla sem vilja fara leið stéttasamvinnunnar. Það er engin tilviljun að tekið hefur verið til þess að "eitthvað sé um að vera" innan félags járniðnaðarnema það er einungis vegna þess að þar förum við leið stéttabaráttunnar.

Nýjir samningar í álverinu

Framhald af baksíðu.

gjöldum og útsvari. Síðast en ekki síst skulum við ekki gleyma ósamþykktu efnahagsfrumvarpi ríkistjórnarinnar.

Til þess að starfsfólk ísl. Álfélagsins h.f. samþykkti nýja samninga þurfa að koma inn í kjarasamninga meira bætur og leiðréttingar á launaflokkakerfinu."


Síðan eru nefndar nokkrar kröfur, sem þarf að uppfylla til að unnt sé að samþykkja nýja samninga: Þar er m.a. um að ræða verulegar launaflokkabreytingar og að greiðsla orlofskostnaðar sé án skilyrða, en svo hefur jafnan verið, að menn hafa þurft að sýna kvittanir fyrir eyðslu í sumarfríi til að fá orðlofskostnaðinn greiddan.

Samningar um "atvinnulýðræði".

Þá var og gert samkomulag um svokallaðar samstarfsnefndir og skipan þeirra. Í samkomulaginu segir, að tilgangur nefndanna sé,"... að vera vettvangur samráðs og upplýsingarmiðlunar milli stjórnenda og starfsmanna til þess að auka möguleika starfsmanna til að afla sér vitneskju um rekstur fyrirtækisins, auðvelda

áhrif þeirra á mótun eigin starfsskilyrða, og stuðla þannig að betri samskiptum til hagsbóta fyrir báða aðila."

Af þessu er ljóst að hér er um eins konar stéttasamvinnubírókratí að ræða, það á sem sagt að gera verkamenn samábyrga með rekstri og afkomu fyrirtækisins. Nú skal blómstra hið margumrædda "atvinnulýðræði" sem þessi ríkisstjórn hugðist beita sér fyrir að koma á,



Samstarfsnefndir hljóta að vera skipaðar fulltrúum fyrirtækisins og fulltrúum verkamanna að jöfnu. Einnig eiga þær að vera fyrir hendi í hverri deild.

Svona samstarfsnefndir hljóta að vera varhugaverðar fyrir mótun kjarabaráttunnar hjá álverksmönnum í framtíðinni. Í rauninni er til ákvæði í samningunum sem er mun betra, en þaðer á þessa leið:

"Ef nauðsynlegt reynist af rekstrarástæðum að breyta vinnufyrirkomulagi á heilum vinnustað, skal slíkt tilkynnt með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, og skulu þá aðilar taka upp viðræður sín á milli um breytinguna, ef ástæða þykir til. Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um breytinguna, en náist það ekki, tekur hún ekki gildi. Samsvarandi regla gildir, ef taka á upp nýtt vinnufyrirkomulag á heilum vinnustað eða hluta hans.".

ÞRJÚ PRÓSENTIN TIL OPINBERRA STARFSMANNA

Frh. af forsíðu.

hækkun gegn því að samningstími kjarasamninga opinberra starfsmanna yrði óbundinn en hann er nú bundinn við tvö ár. Ennfremur var samþykkt að sérkjarasamningar skyldu vera í höndum stjórnar og samniganefndar BSRB.

Vegna andstöðu opinberra starfsmanna við þessu makki verður ekki annað séð en að ekki komi til samkomulags.

Hins vegar mátti heyra á formanni BSRB að hann hefði hug á áframhaldandi samninga viðræðum ef ríkisstjórnin byði upp á þær. Það er því full ástæða fyrir opinbera starfsmenn að vera vel á verðinum vegna samningamakks forystunnar við ríkisstjórnina.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
11. tbl. 8. árg. 13.3. 1979

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Fundur 8. mars

Þann 11. mars s.l. héldu Rauðsokkahreyfingin og 8. marshreyfingin fjölmennan fund í Félagsstofnun stúdenta í tilefni alþjóðabaráttudags verkakvenna 8. mars Fundurinn var upphaflega auglystur 8. mars, en honum varð að fresta vegna óveðurs.

Dagskrá var bæði fjölbreytt og hressandi. Í upphafi dagskrárkynningar var minnst mótmælaaðgerða kvenna í Íran þann 8. mars, en þá fóru þær í mótmælagöngu í Teheran til að mótmæla þeirri íhaldssemi sem íslamskt stjórnarfar þýðir fyrir konur, t.d að þurfa að hylja andlit sitt á almannafæri bugta sig og beyja fyrir karlþjóðinni og fleira í þeim dúr.

Þá var minnst á þá harðnandi kreppu sem auðvaldið á við að glíma í dag. En aukið atvinnuleysi þýðir að varkakonur eru fyrsta vinnuaflið sem sent er heim til að gæta bús og barna. Konur og karlar voru hvött til að standa saman um að berjast fyrir þeim grundvallarréttindum að litið sé á konuna sem jafnrétthá og karlinn. Sú barátta getur aðeins farið fram á grundvelli stéttabaráttu, því öll íhaldssemi í þessum efnum stuðlar að því að viðhalda hlutverki konunnar í hinu borgaralega þjóðfélagi, þ.e.a.s. hún á að vera heima að gæta barna og elda matinn á meðan karlinn fyrirvinnan stritar við að afla þeim lífsviðurværis. Síðan má notast við vinnuafl konunnar þegar auðvaldið þarf á því að halda, annars ber þeim að halda sig heima.

Ingibjörg Haraldsdóttir hélt ræðu f.h. Rauðsokkahreyfingarinnar. Tók hún þar fyrir þann áróður um konuna sem dynur í eyrum okkar daglega í auðvaldsþjóðfélagi, sagði hún ma að eina þjóðfélagsgerðin þar sem raunhæft jafnrétti væri milli karla og kvenna væri sósíalisminn. En til þess að því yrði komið á, þá þyrftum við að heyja kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttu.

Að lokinni ræðu Ingibjargar var boðið upp á léttmeti, en það var sönghópurinn Kjarabót sem bauð upp á létta og hressandi framfarasinnaða tónlist bæði í þjóðlaga og rokkútsetningu. Var henni vel tekið af fundargestum.


Síðan átti verkakona frá Akranesi að flytja ávarp um hinn svokallaða refsibónus, en hún forfallaðist.

Þá var flutt samfelld dagskrá um konur og börn í ísl. auðvaldsþjóðfélagi. Þar var tekinn fyrir áróður íhaldsins(í tilefni barnaárs vel að merkja) en hann fellst aðallega í því að útivinnandi mæður eigi að vera heima til að ala börnin sín (það skyldi þó ekki vera að íslenska auðvaldið ætti í kreppu, því þegar það þarf að bjarga gróða þeirra eiga allir sem geta vettlingi valdið að koma til hjálpar). Þá var vitnað í jafnréttislögin, sem hafa ekkert að segja þegar út í þjóðfélagið er komið. Einnig var bent á vanmátt jafnréttisráðs og að það sé í rauninni ekkert annað en pappírsgagn sem aðeins sé til þess að veita konum falska vitund um stöðu sína. Þá var lesið og leikið dæmi(sem átti sér stað í veruleikanum) um stúlku sem engan stuðning fékk frá sínu stéttarfélagi til að halda vinnunni þegar hún varð ólétt. Þá var ekki síður minnst á svik stjórnar ASB og ASÍ-forystunnar þegar hátt á annað hundrað afgreiðslustúlkna var sagt upp störfum, og hlut Alþýðubandalagsforkólfanna í máli þessu. Sett var fram krafan um fæðingar orlof til handa báðum foreldrum og minnst á misréttið sem felst í því að konur innan ASÍ hafa flestar aðeins 12 daga fæðingarorlof. Þá var rakið með tölum hvernig þörfin fyrir dagvistun er brýn. Vitnað var í starfsfólk dagvistunarstofnanna sem segir að það geti ekki veitt börnum þá umönnun sem ætlast er til vegna þess hve fátt starfsfólk sé. Eftir þessa dagskrárliði voru lesnar upp stuðningsyfirlýsingar sem fundinum hefðu borist. Þá var flutt dagskrá um barnaárið, þar sem skólaaðstaða og námsefni var tekið fyrir með tilvitnunum í námsefni, einnig var hún leikin og sungin.

Kór Rauðsokkahreyfingarinnar söng baráttusöngva við góðar undirtektir fundargesta.

Fulltrúi 8. marshreyfingarinnar flutti ræðu undir heitinu: Alþjóðlega kvennabaráttan, var þar farið nokkrum orðum um kjör og hagi kvenna í austur-Evrópu og þriðja heiminum og víðar. Baráttu þeirra gegn hverskyns kúgun sem þær þurfa að sæta. Með því að hefja virka baráttu fyrir jafnrétti karla og kvenna og öðrum mannréttindum getum við sýnt þessum konum að þær standa ekki einar í þessari baráttu og þær eiga vini og stuðningsmenn um allan heim.

Að lokum söng kór Rauðsokkahreyfingarinnar



Íslenskar verkakonur leggja fram stóran skerf til "þjóðarbúsins" en bera lítið úr býtum.

Nýjir samningar í álverinu

5. mars voru samþykktir nýir samningar í álverksmiðjunni í Sraumsvík. Töluverð andstaða var þó gegn þessum samningum, sem sýnir sig í því, að um 100 voru þeim samþykkir, en um 70 voru á móti. Í þetta sinn var ekki samið um neina beina kauphækkun, en hins vegar var um nokkra hækkun á desembergreiðslu(svokallaðri"jólagjöf)" og endurgreiðslu orlofskostnaðar að ræða. Einnig urðu fáeinar launaflokksbreytingar, svo og hækkun á framleiðslulaunaauka.

Nokkrir þeirra, sem höfðu forystu fyrir andstöðu gegn samkomulagi þessu, gáfu út dreifirit, þar sem þeir hvöttu vinnufélaga sína til að hafna samkomulaginu. Í dreifiritinu segir m.a. að starfsmönnum álversins sé boðið upp á rúml. 5% launahækkun eftir 8% kaupgjaldsránið 1. des. sl. og falsaða vísitölu 1. mars. Síðan segir orðrétt:

"Með þeim fáu krónum, sem við fáum í hækkuðu kaupi er gert ráð fyrir að við greiðum stórkostlegar hækkanir á gjöldum Pósts og síma, rafveitu og hitaveitu að ógleymdum hækkunum á fasteigna-

framhald á síðu 3




Verkamenn í álverinu hafa löngum staðið framarlega í baráttunni fyrir bættum kjörum verkalýðsstéttarinnar.

Fundur Leigjendasamtakanna

Almennur fundur verður haldinn í fundarsal Sóknar að Freyjugötu 27, sunnudaginn 18. mars kl 14:30.

Á dagskrá verða skýrsla stjórnar og framsaga Ragnars Aðalsteinssonar lögfræðings um frumvarp til laga um húsaleigu. Á eftir verða umræður og fyrirspurnum svarað. Þá mun ætlunin að stofna blaðhóp á þessum fundi og mun hann annast útgáfu á vegum samtakanna. Kaffi og meðlæti verður veitt á staðnum.



Í kjallara þessa húss að Bókhlöðustíg 7 er skrifstofa Leigjendasamtakanna. Hún er opin frá kl 13-17 virka daga og síminn þar er 27609.

Að þrengja heimildir til fóstureyðinga...

Lagt hefur verið fram á alþingi frumvarp um að afnema heimild til fóstureyðinga vegna félagslegra aðstæðna. Samkvæmt frumvarpinu eiga fóstureyðingar einungis að vera heimilar í sjúkdómatilfellum.

Flutningsmenn rökstyðja mál sitt með tilvísun í fjölgun fóstureyðinga undanfarin ár eða síðan núgildandi lög voru samþykkt.

Út af fyrir sig er hægt að samþykkja þá hugmynd að æskilegast væri að fóstureyðingum fækkaði á hinn bóginn má benda á að aukning þeirra bendir einmitt til nauðsynjar þeirra.

Fóstureyðing vegna félagslegra aðstæðna móðurinnar hlýtur að vera neyðarúrræði í þjóðfélagi sem ekki sinnir nauðsynlegri fræðslu um kynferðismál og gerir móður í slíkri aðstöðu ekki kleift að ala barn sitt upp.

Það er ljóst að fóstureyðing hefur margvísleg og slæm áhrif á konuna og engin gerir sér hana að leik. Nauðsynin er til komin af því að þjóðfélagið sinnir ekki skyldum sínum við móðurina.

Þess vegna er brýnt að bregðast hart gegn þessari tillögu og krefjast úrbóta á þeim sviðum sem gera fóstureyðingar nauðsynlegar.

Lausnin á þessu vandamáli hlýtur að vera fólgin í því að afnema þær forsendur sem hrinda konum út í það að þurfa að gangast undir fóstureyðingu. Það þarf að stórauka kynferðisfræðslu í skólum. Það þarf að stórauka barnaheimilisrými og aðstoð við móðurina.

Það er dálítið kaldhæðnislegt að á sama tíma og þessi hugmynd skýtur upp kollinum á þingi er verið að leggja niður Mæðraheimilið sem einmitt hefur mætt þörfum margra mæðra sem hafa átt við félagsleg vandamál að stríða.